

## Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana 17. maí 2023

### FUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) var haldinn á Hilton Reykjavík hótél í Reykjavík, miðvikudaginn 17. maí 2023, kl. 14:00-16:20, auk þess sem honum var streymt.

Fundarstjóri: Ástríður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Landskjörstjórnar.

Fundarritari: Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands.

#### 1. Erfið starfsmannamál frá sjónarhorni mannauðsstjórnunar

Kristján Sverrisson, formaður FFR, opnaði fundinn. Áður en hefðbundin dagskrá aðalfundar hófst flutti Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, mannauðs- og stjórnendaráðgjafi erindi um erfið starfsmannamál frá sjónarhorni mannauðsstjórnunar. Í erindinu rakti Guðrún Jóhanna algengar orsakir erfiðra starfsmannamála og mikilvægi þess að leyfa slíkum málum ekki grassera innan vinnustaðar. Hvatti hún stjórnendur til þess stíga inn í stjórnendahlutverk sitt og taka á málum jafnóðum. Guðrún kom víða við í erindinu og fjallaði meðal annars um stöðuga endurgjöf, áhrif jákvæðrar og árangursríkrar vinnustaðamenningar, mikilvægi opinna og faglegra samskipta á vinnustað, svo fátt eitt sé nefnt. Að endingu nefndi Guðrún nokkur grunn atriði sem gott er að hafa í huga við erfið samtöl. Að erindinu loknu fóru fram líflegar umræður á borðum þar sem rædd var reynslan af erfiðum starfsmannamálum sem gengið hefðu vel og/eða illa, hvaða afleiðingar þau mál hefðu haft fyrir stjórnandann og vinnustaðinn og hvort hægt hefði verið að gera hlutina öðruvísi. Fulltrúi frá hverju borði steig því næst í pontu og gerði stuttlega grein fyrir umræðum borðsins.

#### 2. Setning aðalfundar; kosning fundarstjóra og ritara

Kristján Sverrisson lýsti aðalfund settan og lagði til að Ástríður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Landskjörstjórnar yrði fundarstjóri og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Þá lagði Kristján til að Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og stjórnarkona yrði fundarritari og var tillagan

samþykkt með lófaklappi. Ástríður fundarstjóri kynnti sig og lýsti aðalfundinn löglega boðaðan.

### 3. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðið starfsár.

Kristján fór yfir skýrslu stjórnar þ.e. helstu verkefni og megináherslur félagsins á starfsárinu maí 2022 til og með apríl 2023. Í skýrslunni er helstu verkefnum stjórnarinnar skipt með eftirfarandi hætti, auk þess sem þar er gerð grein fyrir félagsstarfinu að öðru leyti:

- a) Áherslumál stjórnar starfsárið 2022-2023.
- b) Endurmat á launafyrirkomulagi forstöðumanna.
- c) Launaþróun forstöðumanna.
- d) Eftirfylgni vegna álita umboðsmanns Alþingis um launaákvæðanir forstöðumanna.
- e) Kynning á félaginu hjá Skólameistarafélagi Íslands.
- f) Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími).
- g) Önnur verkefni.

Kristján þakkaði að lokum stjórn félagsins fyrir gott starf og góða samvinnu á líðandi starfsári.

### 4. Framlagning endurskoðaðra reikninga félagsins

Díana Óskarsdóttir gjaldkeri FFR lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Reikningar félagsins voru bornir undir fundinn og þeir samþykktir samhljóða.

### 5. Lagabreytingar.

Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins lágu fyrir fundinum.

### 6. Stjórnarkjör

Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, stýrði stjórnarkjöri f.h. kjörnefndar.

Fyrir fundinum lá að kjósa formann stjórnar, sbr. 6. gr. laga félagsins, en Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar, sem verið hefur formaður stjórnar síðustu tvö árin gekk úr stjórninni. Framboð til formanns barst frá Helgu Þórisdóttur, forstjóra Persónuverndar og var kjör hennar staðfest með lófaklappi.

Kosið er um þrjá meðstjórnendur ár hvert, sbr. 6. gr. laga félagsins. Að þessu sinni gengu úr stjórn þau Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum, Bergþóra

Þorkeldsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar og Díana Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Þá er Björgvin Víkingsson, fyrrv. forstjóri Ríkiskaupa, hættur störfum hjá ríkinu og þar með stjórnarstörfum en hann var kjörinn í stjórnina á síðasta aðalfundi til tveggja ára.

Þrír gáfu kost á sér sem meðstjórnendur til næstu tveggja ára, þau Arnór Snæbjörnsson, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlanefndar gaf kost á sér sem meðstjórnandi til eins árs.

Framboð áður talinna frambjóðenda voru staðfest með lófataki. Eftirfarandi forstöðumenn skipa því stjórn félagsins fram að aðalfundi 2024:

Arnór Snæbjörnsson, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlanefndar, Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, Ingileif Oddsdóttir skólameistari Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Formaður stjórnar er Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.

Ársæll óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna.

## 7. Kosning kjörnefndar

Kristján Sverrisson stýrði kosningu kjörnefndar. Í kjörnefnd síðasta starfsárs sátu þau Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar og Salvör Nordal umboðsmaður barna. Helga hefur þegar sagt sig frá störfum nefndarinnar, en Ársæll og Salvör gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í kjörnefnd. Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum gaf kost á sér til starfa í nefndinni og var kjör hennar, Ársæls og Salvarar staðfest með lófataki.

## 8. Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafnmargra til vara

Kristján Sverrisson stýrði kosningu endurskoðenda félagsreikninga og varamanna. Endurskoðendur félagsins síðasta starfsár voru þau Gestur Steinþórsson fyrrverandi skattstjóri í Reykjavík og Ásta Sigrún Helgadóttir umboðsmaður skuldara. Gáfu þau bæði kost á sér áfram og var kosning þeirra samþykkt með lófataki.

Varamenn endurskoðenda síðasta starfsár voru þau Ingbór Karl Eiríksson fjársýslustjóri og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Gáfu þau bæði áfram kost á sér og var kjör þeirra staðfest með lófataki.

## 9. Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Stjórn félagsins lagði til að 25.000 kr. árgjald yrði óbreytt og var það samþykkt.

## 10. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Eyjólfur Guðmundsson rektor HA bað um orðið og ræddi um það erfiða lagaumhverfi sem forstöðumönnum á opinberum vinnumarkaði er gert að starfa í. Beindi hann því til stjórnar að skoða hvort tilefni sé til þess að óska eftir því með formlegum hætti við stjórnvöld að slitið verði á milli stjórnarsýslulaga og starfsmannalaga.

Helga Þórisdóttir nýr formaður stjórnarinnar bað því næst um orðið, þakkaði Kristjáni fráfarandi formanni fyrir hans mikla og góða starf í þágu félagsins og færði honum blóm í þakklætisskyni. Því næst kynnti hún sig stuttlega og þakkaði stuðninginn og traustið.

Að endingu bað Kristján fráfarandi formaður um orðið og kom á framfæri þökkum til fráfarandi stjórnarmanna fyrir þeirra mikla og góða starf í þágu félagsins. Jafnframt þakkaði Kristján fundarstjóra fyrir fundarstjórnina.

Fundi var slitið kl. 16:20.

Eydís Líndal Finnbogadóttir, fundarritari